

7. fundur atvinnu-, ferða- og menningarnefndar Hrunamannahrepps kjörtímabilið 2018-2022

Fundur haldinn að Smiðjustíg 6, 26. ágúst 2019 kl. 19:30

Fundarboð:

Á fundinn mættu: Sigurjón Snær Jónsson, Hulda Hrönn Stefánsdóttir og Arna Þöll Sigmundsdóttir.

1. Ljósmyndasamkeppni – Haustlitir

Upp kom sú hugmynd að halda ljósmyndakeppni. Hún stendur á milli 1. sep og 31. okt. Dómnefnd mun velja sigurvegara. Þrjú aðilar verða valdir í dómnefnd sem þurfa eki að hittast heldur velur hver dómari sína niðurstöðu. Dómarar munu ekki fá að vita hver sendir inn hvaða mynd. Nefndin er sammála um að í þessari fyrstu tilraun munum við hafa það sem takmörkun að þátttakendur yrðu að vera íbúar í Hrunamannahreppi eða fæddir og uppaldir Hrunamenn. Þetta árið skiptir ekki máli hvort um atvinnumann sé að ræða eða áhugamann. Keppnin verður auglýst í Pésanum og á Íbúar í Hrunamannahreppi, á íslensku og ensku. Reglurnar verða settar inn á fludir.is og verður keppendum vísað á að fara þangað inn til þess að kynna sér reglurnar betur. Úrslitin verða kynnt í Pésanum í desember og allar myndirnar verða birtar á fludir.is. Leyfilegt er að senda inn 3 myndir en einungis er hægt að vera í einu verðlaunasæti. Flottasta myndin verður prentuð út á stóran striga sem verður til sýnis í Félagsheimili Hrunamanna. Myndirnar í 2. og 3. sæti munu verða prentaðar út á minni strigi og vera einnig til sýnis. Fyrsta sætið mun einnig fá 50.000 kr. inneign í Beco, ljósmyndavöruverslun og annað og þriðja sætið munu einnig fá konfektikassa eða sambærilegt. Formaður nefndar mun skrifa upp reglur keppinnar og senda á starfsmann sveitarinnar til þess að birta á netinu. Nefndin hefur dómara í huga sem haft verður samband við í framhaldi af fundinum.

2. KÍTÓN

Upp kom sú hugmynd að tala við KÍTÓN, félag kvenna í tónlist og athuga hvort það sé áhugi þar á bæ fyrir því að koma hingað með félagsmenn sem leita að nýjum viðburðum til þess að koma sér á framfæri. Formaður nefndur mun hafa samband við KÍTÓN og athuga hvort það sé áhugi fyrir samstarfi þar og til þess að fá þá upplýsingar um það hvernig stjórn KÍTÓN sér það fyrir sér.

3. Uppskeruhátíðin

Heilt yfir virðist hún vera á góðu róli. Fram kom á fundinum að fyrir 2 árum hafi einnig verið lifandi tónlist í gangi á uppskeruhátíðinni. Það er hugmynd til þess að taka með inn í næsta ár. Uppsveitahringurinn var rifjaður upp og talað um að mögulega væri hægt að gera e-ð af minni stærðargráðu. E-ð sem fengi fólk til þess að hreyfa sig aðeins þennan sama dag. Fundarmaður nefndi það einnig að gestir á svæðinu hefðu haft það á orði að það væri gaman ef það væri annar sambærilegur viðburður yfir sumarið hér á Flúðum fyrir gesti.

Fundi var svo slitið klukkan 20:30.